

**FRÍTT
EINTAK**



Höndlaröu hitann?

SUOSIKIT FAVORITERNA
AVORITERNA SUOSIKIT FAVORITES SUOSIKIT
ES SUOSIKIT FAVORITERNA SUOSIKIT FAVORITES SUOSIKIT FAVORITERNA SUOSIKIT
SUOSIKIT FAVORITERNA SUOSIKIT FAVORITES SUOSIKIT FAVORITERNA SUOSIKIT

NEW
SOFT & FILLED



THE ORIGINAL

TYRKISK PEBER

🔥🔥🔥 VOLCANO

TYRKISK PEBER VOLCANO - MJÚKAR LAKKRÍSKEILUR & ELDFJÖLL

THE ORIGINAL
**TYRKISK
PEBER**

Þegar ritstjóri talar um góðan lista listamanna á hann ekki endilega við sjálfan sig. En hvað kallast sá sem gerir lista yfir listamenn?



Foli í Asíu

Það kemst fátt annað að hjá **Ólafu Arnalds** en tónlist. Hann eyðir megninu af deginum í hljóðveri að grúska í alls kyns verkefnum og þess á milli ferðast hann heimshorna á milli til að spila fyrir íbúa jarðar. Næsta stopp er **Harpa**.

Á laugardagskvöld mun Ólafur Arnalds halda tónleika í Norðurljósalnum í Hörpu og verður öllu til tjaldað og er það í fyrsta sinn sem hann heldur tónleika hér á landi með öllu tilheyrandi. „Allt bandið verður með mér og svo flaug ég öllum ljósamönnunum mínum og sjónlistarmönnum hingað til lands frá Þýskalandi. Við höfum aldrei náð að gera þetta hér heima því það er svo dýrt að fjúga öllu draslinu heim en ég er búinn að vinna í því síðustu mánuði að taka alltaf einn hlut í einu með mér heim,“ segir Ólafur fullur tilhlökkunar. Hann vinnur þessa dagana að nýrri plötu ásamt Arnóri Dan, söngvara Agent Fresco, en þeir félagar sendu frá sér lagið Old Skin á dögunum. Arnór mun syngja tvö ný lög á tónleikunum á laugardag.

Bara stelpur á tónleikum

Á tónleikunum mun Ólafur leika þau lög sem hann spilaði á tónleikaferð sinni 2010 til 2011. Á þeim tíma spilaði Ólafur rúmlega 100 sinnum svo hann hefur farið víða. „Á þessum hundrað giggum stóðu tónleikarnir í Suður-Kóreu upp úr. Það var einn mest framandi staðurinn og það kom mest á óvart því það varð allt vitlaust. Ég skildi ekkert í því og svo voru bara stelpur þarna. Það eru svo miklar staðalmyndir í Asíu svo ef þú ert strákur þá hlustar þú ekkert á eitthvað svona væl, þú hlustar bara á Metallica. Þannig að það voru svona 3 strákar á svæðinu en 497 stelpur,“ segir Ólafur sem er greinilega mikill foli í Asíu.

Nýlega var myndin Another Happy Day frumsýnd í Bandaríkjunum en Ólafur samdi tónlistina fyrir þá mynd. Hann var því viðstaddur frumsýn-

inguna í New York. „Ég var reyndar allt of seinn því það tekur alltaf svo langan tíma að komast í gegnum þessa flugvelli. Þannig að ég missti af fjörunu á rauða teppinu. Ég græt það reyndar ekki því ég hef farið áður á rauða dregilinn og það var virkilega skrytið. Maður stendur þarna eins og illa gerður hlutur og enginn veit hver þú ert og það er einhver manneskja sem vinnur þarna við að kalla upp nafnið manns. En svo kemur einhver frægur á eftir manni og þá eru allir búnir að gleyma manni,“ segir Ólafur og hlær. „En eftirpartíðið var mjög skemmtilegt svo þetta var allt í góðu.“

Vonast eftir jólafrú

Tónlist Ólafs var notuð í dansþáttunum So You Think You Can Dance í sumar og undanfarið hefur hann hitt einn danshöfundanna, Travis Wall, til að búa til tónlist við dansverk þess síðarnefnda. „Hann er að frumsýna í kvöld verk í Los Angeles en ég geri tónlistina í því. Þetta er fyrsta stóra verkið hans og allir dansarnir eru eiginlega bara allir sem hafa unnið í þáttunum,“ segir Ólafur sem vonast til þess að geta slappað af um jólin. „Það tókst ekki í fyrra nefnilega. Þá vann ég á aðfangadag. Þá var ég nýbúinn að fá að vita að ég ætti að gera tónlistina fyrir Another Happy Day og ég átti að skila því í byrjun janúar svo ég svaf voða litið þarna í lok desember. Mér skilst líka að það gangi um Hollywood sagan um gaurinn sem gerði kvikmyndaskor á tveimur vikum. Þetta var ómannúðlegt. Mamma var orðin brjáluð því ég rétt lét sjá mig í matnum á aðfangadag. Ég var örugglega eini maðurinn sem grenntist þessi jólin.“

j/rj

Monitor mælir með

FYRIR SKÖPUNARGLAÐA

Buxnalaus.is er vefsíða þar sem lítill hópur sniðugra drengja prenta hönnun sín á boli sem þeir selja svo á síðunni. En það



sem er sniðugt er að þarna geta allir tekið þátt, sent inn sína hönnun og hver veit nema hönnunin þín verði prentuð á bol og seld. Það er því um að gera fyrir alla sköpunarglaða einstaklinga að kíkja á síðuna og spreya sig á listinni.



FYRIR GISKARA

Á vefsíðunni facebook.com/ActivitySpil er hægt að taka þátt í sniðugum og skemmtilegum leik. Þar koma

reglulega inn ný myndbönd af þekktum einstaklingum leika ýmislegt og þitt hlutverk er að giska á hvað viðkomandi er að leika. Ef þú giskar á rétt svar vinnur þú Activity spilið sem er ómissandi skemmtun yfir hátíðirnar.

FYRIR EYRUN

Eftir langan og strembinn vinnudag er ekkert jafn upplifandi og að stilla á FM95BLÖ sem er alla virka daga milli fjögur og sex. Þáttastjórnandinn Auddi Blö fær til sín góða gesti í hverjum þætti og alltaf er eitthvað skemmtilegt og nýtt af nálinni. Stilltu á FM957 klukkan fjögur á virkum dögum og við lofum þér góðri skemmtun.



Vikan á ...

facebook



Auðunn Blöndal
New York um síðustu helgi og Sauðárkrókur


þessa helgina, tek París næstu helgi og loka þessum þríhyrning!!

10. desember kl. 14:23



Tobba Marinósdóttir
gleymdi að láta gefa gullfiskunum í gær og þorir nú ekki heim!

11. desember kl. 17:04



Klara Elias
I have to say that when Kiis FM tweets us along with Lana Del Ray and VVBrown as fresh new music it makes me very happy!

12. desember kl. 12:47




Erlendsdóttir Ágústa Eva
Er að fara að horfa á UFC í beinni af netinu, félaginn kaupti útsendingu og valdi óvart spænskumælandi lýsanda, JE!! ;)

11. desember kl. 01:56

Feitast í blaðinu

Anna Svava setur ansi margt óhefðbundið og skondið á jólagjafalistann sinn. >>>4



Stelpurnar í Graduale Nobili hlakka til að ferðast um heiminn með Björk. >>>6



Hvaða forsíða finnst þér flottust? Þitt atkvæði gæti skipt sköpum í keppninni. >>>10



Stíllinn kíkti á Eddu Óskars, vonarstjörnu Íslands í fyrirsætu-heiminum. >>>18



Sverrir Þór eða Sveppi Krull fer gjörsamlega á kostum í Loka-prófinu. >>>22



Efst í huga Monitor

Heiðrum Hemma

Efst í huga Monitor þessa vikuna eru magnaðir X-mas tónleikar sem haldnir verða í Kaplakrika næsta þriðjudag. Tónleikarnir eru haldnir til að heiðra minningu Hermanns Fannars Valgarðssonar sem féll frá langt fyrir aldur fram fyrir rúmum mánuði síðan. Hermann kom víða við og var meðal annars útvarpsmaður á X-inu í mörg ár og því var það af frumkvæði kollega hans á stöðinni að ákveðið var að stækka tónleikana til muna. Hermann þekkti aragrúa af fólki og eru margir af hans félögum og vinum sem koma að því að skipuleggja tónleikana. Öllum var vel við Hemma og það má sjá þegar



litið er á þetta stóra verkefni því að allir sem að því standa, sama hvort sem það eru vöruflutninga-, gæslu- eða tónlistarmenn, gefa vinnu sína. Það er því vonandi að hægt verði að fylla Kaplakrika af skemmtilegum gestum enda skiptir framlag allra miklu máli því allur ágóði fer í sjóð í nafni Loga Þórs, sonar Hermanns. Og jafnvel þó að hér væri ekki um gott málefni að ræða þá er listinn yfir þá listamenn sem troða upp nógu ærin ástæða til að láta sjá sig. Í blússandi filing.

Sjáumst á X-mas, Jónsson

Óskar sér hríðskotabyssufótleggs

Jólin nálgast óðfluga og því er um að gera að útbúa sér lista yfir þær gjafir sem maður óskar sér þetta árið. **Monitor** fékk **Önnu Svövu Knútsdóttur**, leikkonu, til að deila topp tíu listanum sínum með lesendum.

1 Ég væri til í lítinn einstakling sem ég gæti geymt inni í skáp. Hann myndi poppa út þegar það væri drasl hjá mér og laga allt til. Síðan væri hann líka fyndinn og gæti komið mér í gott skap. Það væri fint ef hann væri ekki með innlokunarkennd!



2 Kraftgalla. Það kom gat á rassinn á mínum þegar ég var 15 ára og ég hef ekki átt galla síðan. Margar af mínum bestu minningum áttu sér stað á meðan ég var í kraftgalla og því bind ég miklar vonir við að líf mitt verði skemmtilegra ef ég fæ einn slíkan. Bláan takk. Og kannski einn landabrusa í rassvasann.

3 Ég væri til í að fá töfrasleikjón. Þegar maður setur sleikjóninn upp í sig myndi maður á svipstundu vera staddur í útlöndum á tónleikum. Maður sæti skyndilega á fremsta bekk þar sem væri enginn troðningur og það væri alltaf skemmtileg hljómsveit að spila. En maður þyrfti að vera með sleikjóninn uppi í sér allan tímann þannig að maður gæti því miður ekki sungið með, en samt klárast sleikjóninn ekki. Síðan fer maður beint heim ef maður tekur hann út úr munninum. Jarðarberjabragð.

4 Mig langar í risabarnavagn sem ég passa í. Ég sá einu sinni slíkan grip á listasýningu og það máttu allir prófa að liggja í honum. Þá gæti ég farið út á svalir milli þrjú og fjögur og dúðað mig í nýja kraftgallann og sofíð. Og verða rauð á nefinu en samt geðveikt hlýtt.

5 Ég væri alveg til í barn líka eða jafnvel börn en það mætti einhver önnur kona vera nýbúin að ganga með barnið fyrir mig og svo myndi ég taka við því. Get alls ekki hugsað mér að stækka um skónúmer.

6 Ég myndi vilja fá það í jólagjöf að allir myndu allt í einu halda að ég hefði samið lagið *Something* eftir Bítlanum. Það væri mikill heiður og allir væru að tala um þetta og svo myndi ég líka fá stefgjöld.

7 Að ég væri með hríðskotabyssufótlegg eins og gellan í Planet Terror. Af hverju? Af því bara.

8 Ég væri alveg til í heimsfrið, svona alvöru „öldýrinískóginumeruvinir“-dæmi. Að allir taki bara „chill-pill“ og hætti þessu kjaftæði. Þældu í því, þá myndum við meira að segja losna við rifrildi á milli heimskra stjórnmálamanna!

9 Ég væri alveg til í eina gjöf sem væri frábær fyrir alla. Ekki bara mig. Það sem mér dettur fyrst í hug er helvítis filman á 1944-réttunum. Að hún myndi losna af þess að rifna og sletta út eldhúsið manns, sem sagt allra landsmanna.

10 Og síðast en ekki síst langar mig í pening, skó, iPad, sjónvarp, skó, London-ferð, skíði og samverustund með mínum nánustu.

Gleðileg jól.

elg

Mynd/Árni Sæberg

möndluleikur

SAFFRAN

Leynist vinningur í þínum eftirrét?



Það leynast „möndlur“ í nýja, holla byggalamande jóladesertinum okkar - ef þú finnur eina vinnur þú glæsilega matarkörfu!

Prófaðu líka þennan:

Suðurríkjasælan

Hinn holli BBQ-kjúklingur!

Aðeins um helgar

1690 kr.



SAFFRAN

saffran.is

GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÖP / ÁRTUNSBREKKU

Opnunartími um hátíðarnar: Lokað 24/12, 25/12, 26/12 og 31/12 á öllum stöðum.
Nýársdagur 1/1/2012: Lokað á Dalvegi og Saffran Express en **OPID Í GLÆSIBÆ**

Telja niður dagana

Kórinn **Graduale Nobili** hefur vakið mikla athygli fyrir söng sinn með Björk í Bíófilíu og halda þær í tónleikaferðalög út um heim allan með söngkonunni á nýju ári. **Vigdís Sigurðardóttir** svaraði spurningum **Monitor** fyrir hönd kórsins.



VIGDÍS Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 030684.
Staða: Lögfræðingur.
Uppáhaldsmatur: Sushi.
Uppáhaldsstaður í heiminum: París.
Uppáhaldsjólasveinn: Stúfur.

Hvernig vildi það til að kórinn ykkar varð hluti af hinu magnaða verki Bjarkar, Bíófilíu? Hver voru þín fyrstu viðbrögð þegar þú heyrðir af þessu?

Björk var sjálf að leita að kór til að taka þátt í þessu verkefni. Henni var bent á kórinn okkar og hafði í kjölfarið samband við kórstjórnann okkar. Síðan þá hefur þetta undið verulega upp á sig. Mín fyrstu viðbrögð voru eiginlega þannig að ég spurði bara hvort verið væri að plata mig (hlær). Síðan leiddi maður hugann að því hvað þetta væri magnað tækifæri.

Hvernig er að æfa og koma fram með sjálfri Björk?

Það er alveg ótrúleg reynsla. Hún er svo svakalega frjóg og uppfull af hugmyndum en jafnframt svo jarðbundin. Það er rosalega skemmtilegt að fá að fylgjast með því hvernig hún vinnur. Maður hefur stundum velt því fyrir sér hvernig maður varð svona heppinn að fá að taka þátt í þessu.

Farið þið út á lífið með Björk eftir tónleika?

Kynni okkar af henni eru kannski fyrst og fremst bara í gegnum tónlistina, á æfingum og í kringum tónleika. Þegar við klárum tónleikaröð á ákveðnum stað þá hafa

samt verið haldin eftirtónleikapartí og þá er slett vel úr klaufunum.

Í sumar sunguð þið með Björk á tónleikum í Manchester og á hátíðum á Englandi. Á nýju ári haldið þið síðan út um allar trissur, meðal annars til Spánar, Rússlands, Brasilíu og til Danmerkur á Hróarskeldu. Hvernig er að túra um heiminn eins og rokkstjarna?

Ég held að ég tali fyrir okkur allar þegar ég segi að við séum mjög spenntar fyrir þessu. Þetta verður auðvitað aðeins öðruvísi heldur en í sumar, að fara svona á milli og stoppa stutt á hverjum stað. Þegar við vorum í Manchester stoppuðum við þar í heilan mánuð. Maður er einmitt mjög spenntur fyrir því að upplifa þetta svokallaða „rokkstjörnulífni“, að fara á milli tónlistarhátíða og fá að koma fram fyrir tugi þúsunda áhorfenda. Það má segja að við teljum niður dagana í brottförina.

Þurfið þið að slíta ykkur frá námi og starfi til að halda í þessu tónleikaferðalög?

Þetta er auðvitað töluverð fjarvera en hingað til hafa flestir í kringum okkur sýnt þessu mikinn skilning. Fólk áttar sig á því hvað þetta er frábært tækifæri fyrir okkur.

Svo ég tali fyrir sjálfa mig þá hef ég fengið mikinn skilning frá mínum vinnuveitendum og ég held að það sama eigi við um allflestar. Þetta er kannski erfiðast fyrir þær sem eru í námi ef þetta rekst til dæmis á prófatímabil.

Heimildir Monitor herma að þú sért mamma hópsins. Hvernig lýsir það sér?

Ég hugsa að það sé nokkuð til í því (hlær). Ég geri mitt besta til að passa upp á að allar stelpurnar viti alltaf allt sem þær þurfa að vita og muni það sem þær þurfa að muna. Þetta æxlaðist bara einhvern veginn svona en það er bara hið besta mál.

Fyrir hvaða áfangastað í komandi heimsflakki ert þú spenntust fyrir?

Mér finnst allir staðirnir í Suður-Ameríku hrikalega spennandi og eins Moskva í Rússlandi. Þetta eru staðir sem maður hefur ekki komið til áður og þeir voru kannski ekki beint inni í ferðaplaninu manns á næstu árum. Þetta er sem sagt ekki bara stórt tækifæri hvað varðar tónlist og kórstarfið heldur líka bara fyrir okkur að sjá heiminn.

elg

Mynd/Kristinn

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum

Finnir þú fyrir kláða, sviða og óþægindum í og við leggöng gæti verið um sveppasýkingu að ræða. Pevaryl® er sveppalyf með breiða sveppaeyðandi verkun. Meðferð með Pevaryl® skeiðarstillum gefur háa tíðni lækningar og skjóta linun einkenna.

Pevaryl® er bæði fánlegt sem mjúkur skeiðarstill og krem. Leitið lækni leiki vafi á hvort um sveppasýkingu sé að ræða.

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Skannaðu QR kóðann og fáðu frekari upplýsingar

Pevaryl® 150 mg skeiðarstillar, Pevaryl Depot® 150 mg skeiðarstill með forðaverkun, Pevaryl® 1% krem. (ekónazol). Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum sveppsins candida albicans. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfið. Lyfið er ekki ætlað börnum, þeir sem hafa ónæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl® skeiðarstillar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota lyfið með þessum getnaðarvörnum. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

Drögum 20. desember



Fjölnota nuddpúði

1 stk.



Hitapúði

5 stk.



Höfuðljós

2 stk.

Shiatsu þrýstínudd

5 stk.



Nálastungudýna

5 stk.



Dagljós

2 stk.



1 stk.

Shiatsu SPOT



Jólaleikur Eirbergs

20. desember fá sextíu þátttakendur veglegar jólagjafir sem stuðla að betri líðan og betri heilsu.

Hægt er að skrá sig á [facebook.com/eirberg.is](https://www.facebook.com/eirberg.is)



Eirberg

60 vinir
á Facebook



fá jólagjafir

Heildarverðmæti vinninga yfir 1 milljón króna



Rakataeki

2 stk.

2 stk.

Lofthreinsitæki



Heilsukoddi H20

5 stk.



Handnuddtæki

10 stk.



5 stk.

Shiatsu nudd



Nuddpúði

10 stk.



5 stk.

Iljápunktanudd





HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Freyja Haraldsdóttir.
Á forsíðu: 16. desember 2010.
Fyrirsögn viðtals: Beinbrotnað oftan en hundrað sinnum.

„Síðan ég var á forsíðu Monitors hef ég fyrst og fremst haft nóg að gera sem framkvæmdastýra NPA miðstöðvarinnar sem er samvinnufélag fatlaðs fólks. Okkar helsta verkefni síðustu mánuði hefur verið að vinna með stjórnvöldum og skapa aðstæður fyrir fatlað fólk til að eflast saman í mannréttindabaráttu sinni. Í haust tókum við þá ákvörðun að samhliða væri nauðsynlegt að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu um að fatlað fólk gerði kröfu um að búa við sama frelsi og sjálfstæði og ófatlað fólk og draga þannig úr rótgrónum staðalmyndum og fordómum sem við upplifum daglega. Við réðumst í gerð útljósmynda-sýningar sem nú er í Austurstræti og útgáfu ljósmyndabókar sem ber yfirskriftina Frjáls. Myndirnar birta tólf fatlaðar manneskjur, í venju- legum aðstæðum, lifa sjálfstæðu lífi. Ljósmyndarinn er Hallgrímur Guðmundsson og gaf hann alla vinnu sína. Við erum virkilega stolt af afrakstrinum og hvetjum sem flesta til að kíkja á sýninguna og kynna sér ljósmyndabókina á www.npa.is. Allur ágóði af bókinni rennur beint til uppbyggingar á NPA miðstöðinni.”

Lífið.is

Hjá flestum okkar er Facebook stór partur af deginum og því getur verið skondið að hugsa til þess að það er ekkert svo langt síðan að ekkert Internet var til. Monitor tók saman sögu Internetsins og samskiptamiðla í stuttu máli.

Febrúar 1978: Fyrsta símtengingin tekin í notkun.

Janúar 1994: Yahoo stofnað.

September 1997: Slóðin Google.com var skráð.

Ágúst 1999: Blog-kerfið Blogger er tekið í notkun en Google kaupir það árið 2003.

Júlí 2003: Myspace fer í loftið og er keypt af News Corp árið 2005 fyrir 580 milljónir dollara. Árið 2008 fara 75 milljónir gestir mánaðarlega á Myspace.

Febrúar 2004: Facebook opnar fyrir nemendur Harvard en í maí opnar síðan fyrir 800 háskólum. Í september 2006 opnar Facebook öllum eldri en 13 ára.

Febrúar 2005: YouTube opnar en Google kaupir fyrirtækið í október árið 2006.

Mars 2006: Twitter fæðist. Notendur setja inn sína stöðu sem takmörkuð er við 140 orð.

Desember 2006: Yahoo býður 1 milljarð dollara í Facebook en tilboðinu er hafnað.

Apríl 2008: Facebook tekur fram úr Myspace í mánaðarlegum fjölda gesta.

Mars 2010: Facebook tekur fram úr Google sé tekið mið af vikulegri umferð.

Nóvember 2010: Facebook metið á 50 milljarða.

Júní 2011: Google Plus opnar og fær strax á fyrstu tveimur vikunum meira en 10 milljónir notenda. Specific Media kaupir Myspace á 35 milljónir dollara.



LAGALISTINN

Vikan 15. - 21. desember 2011

- 1 **Mugison**
Kletturinn
- 2 **Goyte / Kimbra**
Somebody I Used To Know
- 3 **Of Monsters And Men**
King and Lionheart
- 4 **Dikta**
What Are You Waiting For?
- 5 **Coldplay**
Paradise
- 6 **Hjálmar**
Ég teikna stjórn
- 7 **Stefán Hilmarsson / Eyjólfur Kristjánsson**
Þín innsta þrá
- 8 **Amy Winehouse**
Our Day Will Come
- 9 **Florence & The Machine**
Shake It Out
- 10 **Adele**
Rumour Has It

- 11 **Rihanna / Calvin Harris** We Found Love
- 12 **Foster The People** Pumped Up Kicks
- 13 **Lana Del Rey** Video Games
- 14 **Grafík** Bláir fuglar
- 15 **Ed Sheeran** The A Team
- 16 **Páll Óskar & Sinfó** Partisyrpan
- 17 **Katy Perry** The One That Got Away
- 18 **Lady Gaga** You And I
- 19 **Bruno Mars** It Will Rain
- 20 **Adam Levine / Christina Aguilera** Moves Like Jagger
- 21 **Eiríkur Hauksson / Dúndurfréttir** Ástarbréf merkt X til þín
- 22 **Helgi Björnsson / Eivör Pálsdóttir** Án þín
- 23 **Kelly Clarkson** Mr. Know It All
- 24 **The Fray** Heartbeat
- 25 **Sigga Beinteins / Páll Óskar** Jólin koma með þér
- 26 **The Black Keys** Lonely Boy
- 27 **David Guetta** Titanium
- 28 **Vicky Lullaby**
- 29 **Sigurður Guðmundsson** Nú mega jólin koma fyrir mér
- 30 **Lay Low** Horfðu

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötu-framleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Sigmar Vilhjálmsson
 dagsetning 13. desember 2011 22:22
 titill LOL-mail Monitor
 Sæll Sigmar

Þú ert fyndinn og því er kjörði fyrir þig að sýna alþjóð þitt háreitta skopskyn með því að bomba á mig einu stykki brandara.

Svo máttu skora á einhvern skemmtilegan einstakling.

Vonandi var gaman í bíó.

Jón Ragnar



LOL-MAIL
MONITOR

Ok, hér er einn gamall og góður Nonna-brandari.

Kennarinn spurði Nonna litla: „Hver er andstæða hláturs?“
 Nonni hugsaði í smá stund og sagði svo: „Samfarir.“
 Kennarinn varð kjaftstopp um stund og spurði síðan: „Hvernig færðu það út, Nonni minn?“
 Nonni stóð ekki á svarinu: „Jú, sjáðu til. Þegar þú hlærð heyrir HA HA HA. En þegar þú stundar samfarir þá heyrir AH AH AH.“

Annars myndi ég vilja tilnefna Davíð Oddsson í næsta LOL-mail. Ef það gengur ekki, þá Bubba Morthens. Tveir kóngar.

Kv. Simmi V

Jólaandinn er hjá Vodafone

Frábær tilboð á snjöllum sínum

24.990 kr. staðgreitt
 eða 2.083 kr. á mánuði í 12 mánuði
 Fjölskyldu ALIAS fylgir*

59.990 kr. staðgreitt
 eða 4.999 kr. á mánuði í 12 mánuði
 Fjölskyldu ALIAS fylgir*

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

* Gildir á meðan birgðir endast.



Gjafakort

Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

Jólatilboð Borgarleikhússins



Galdrakarlinn í Oz
Miðar fyrir tvo á söngleikinn ástsæla og val um bókina eða geisladiskinn.

7.500 kr.



Gói og baunagrasið
Miðar fyrir tvo á töfrandi ævintýrasýningu. DVD með Eldfærunum og geisladiskur með lögum úr sýningunni.

5.900 kr.



Gómsætt leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð frá Happi.

10.900 kr.

Gjöf sem aldrei gleymist!

Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

JÓLAGJAFIR

SEM ÞÚ LEST SPJALDANNA Á MILLI



99.900 kr.

Motorola Xoom

Skjár: 800 x 1280 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi

159.900 kr.

HTC Flyer 3G 32GB

Skjár: 600 x 1024 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi

81.900 kr.

iPAD 2 16GB

Skjár: 1024 x 768 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Hraðvirkari, þynnri og léttari!

109.900 kr.

Samsung Galaxy Tab

Skjár: 800 x 1280 pixels
Með Wi-Fi tengingu
Android OS stýrikerfi



89.900 kr.

HP Pavilion dm1-4035eo

Skjár: 11,6" High-Definition HP
BrightView LED display
Örgjörvi: AMD Dual-Core E-450
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Hljóðstýring: Beats Audio



179.900 kr.

HP TouchSmart borðtölva

Skjár: 23" snertiskjár
Örgjörvi: Intel © Core T i3-2120
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Harður diskur: 1 TB
Hljóðstýring: Beats Audio



169.900 kr.

MacBook Air

Skjár: 11,6" LED breiðtjaldsskjár
Örgjörvi: Intel Core i5
Vinnsluminni: 2 GB DDR3

* Skv. Gartner.



- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18
kl. 11-15 alla laugardaga fram að jólum.



OK
búðin

OK búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.okbudin.is



Forsíðukapphlaupið

Við hjá **Monitor** eru ótrúlega þakklát fyrir frábæra þátttöku í forsíðu-leiknum okkar á **Facebook**. Nú höfum við dregið út **níu einstaklinga** sem komnir eru í úrslit. Í vikunni fengum við þessa keppendur til að kíkja í heimsókn til okkar og smeltum við af þeim myndum ásamt því að spjalla lítillega við hvern og einn. Nú höfum við sett myndirnar af þeim inn á Facebook þar sem fólk getur „like-að“ sína uppáhaldsmynd. Sá sem á myndina með flestu „like-in“ mun svo standa uppi sem sigurvegari. Úrslitavaldið er því alfarið í höndum ykkar, lesendur góðir og við hvetjum ykkur til að kynna ykkur keppendurna hér á næstu síðum og fara svo á Facebook og kjósa ykkar eftirlætisforsíðu. Mikið er í húfi hjá keppendunum því í boði eru dýrindisverðlaun, geggjaður **Samsung Galaxy SII farsími**, svakalegt **Triwa úr frá Kastaníu**, unaðslegt **gjafabréf frá Tónlist.is** og safaríkt **gjafabréf á Hamborgarafabrikkuna**. Góða skemmtun og megi skemmtilegasta forsíðan vinna.



Bergur Elí Rúnarsson

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er í Flensborg á íþróttafreksbraut með félagsfræði og er á fullu í handbolta með Haukum. Ég er busi í skólanum og er einmitt busi í skemmtinefnd nemendafélagsins. Svo er ég að leita mér að vinnu.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það er að sjálfsögðu handbolti og svo er ég mikið inni í fatatísku og hef til dæmis unnið í fataverslun.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Ég er varla með nein plön. Vegna áhugamála væri auðvitað draumur að vera atvinnu- maður í handbolta og fatakönnuð.

Ég væri samt líka til í að læra sálfræði og vinna í einhverjum félagsmálum.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ég myndi segja að gráir leður Converse-skór og gullið Casio-úr væru þeir hlutir sem væru efstir á óskalista.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfn sem þú hefur fengið?

Það er rauður og svartur snjósleði sem ég fékk þegar ég var lítill en skemmdi reyndar daginn eftir. Ég man ekki alveg hvað ég var gamall, kannski sjö eða átta ára.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Af því að ég er mikilvægari en matur.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 201295.
Upphaldsmatur: Tortilla.
Upphaldsstaður í heiminum: New York.
Upphaldsjólasveinn: Skyrgámur.
Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Alexander Petersson.



Björg Halldórsdóttir

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er á fatakönnunarbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og er að vinna með skóla í Debenhams og Keiluhöllinni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það er aðallega bara tíska og fatakönnun. Ég stússast mikið í því, hef til dæmis hannað mikið af fötum og tekið þátt í myndatökum og svona.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Ég veit það ekki, ég er ekki ennþá búin að ákveða mig. Það gæti kannski tengst fatakönnuninni en ég veit samt ekki alveg hvort ég sé tilbúin að leggja það alveg fyrir mig. Það væri auðvitað

draumur að eiga eigin búð með hönnun eða vinna sem stílisti.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Mig langar í nýja fartölvu, tölvan mín núna er alveg að deyja.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfn sem þú hefur fengið?

Það er dúkkuhúsið sem ég fékk þegar ég var svona sex ára. Það var næstum því stærra en herbergið mitt.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Ég nenni ekki að búa til nokkur þúsund Facebook-prófila til að svindla í þessu, værir þú ekki til í að hjálpa mér bara út á þetta „gorgeous“ bros?

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 130993.
Upphaldsmatur: Sushi.
Upphaldsstaður í heiminum: Eiginlega bara svona úti í rassgati, úti í sveit þar sem enginn er.
Upphaldsjólasveinn: Ég hef aldrei elskað jólasveinana en ég myndi segja Hurðaskellir.
Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Ég fylgist með blaðinu en það stendur engin upp úr hjá mér.



Birna Brynjarsdóttir

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er á öðru ári, eða fjórða bekk, á náttúrufræðibraut í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég er ekki að vinna með skóla en syng hins vegar í MR-kórnum.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mín helstu áhugamál eru svo sem þetta hefðbundna og venjulega. Ég á fullt af góðum vinum sem ég nýt þess að verja tímanum með, ég spila á píanó og mér finnst gaman að tónlist. Ég á hunda og mér finnst gaman að sinna þeim.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Mig langaði alltaf að verða lækni en núna er allt í einu komin dálítill óvissa í þetta. Mér þætti spennandi að læra

eithvað eins og fornleifafræði, sjávarlífræði eða stjörnufræði. Það kemur margt til greina.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ég týndi nýlega myndavélinni minni svo mig langar rosalega í myndavél. Svo langar mig alltaf bara í eitthvað fallett og mér finnst alltaf gaman að fá nýjar bækur til lesa yfir jólin.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfn sem þú hefur fengið?

Þótt það sé kannski ekki upphaldsjólagjöfn mín þá er líklega eftirminnilegast þegar ég fékk einu sinni níu bækur í jólagjöf.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Af því ég tala frönsku.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 200994.
Upphaldsmatur: Humar.
Upphaldsstaður í heiminum: Ég ætla að vera væmin og segja heima.
Upphaldsjólasveinn: Kertasníkir.
Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Anníe Mist.

Guðrún Edda Reynisdóttir

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er að vinna í Fókus í Kringlunni og svo er ég að útskrifast sem stúdent af félagsfræði laugardaginn næstkomandi frá Fjölbrotaskólanum í Ármúla. Svo er ég bara að djamma allar helgar og leika mér.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef áhuga á að ferðast, menningu, förðun og fylgist með tísku. Svo hef ég áhuga á söng, var í Söngskólanum í Reykjavík, félagsstörfum og djamminu.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Mig langar mikið að læra nútímafræði í Háskólanum á Akureyri og ætla örugglega að læra förðun eftir áramót. Í framtíðinni langar mig allavega að starfa einhversstaðar þar sem ég vinn náð með fólki eða börnum.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ég veit ekki alveg hvað mig langar í, ég á allt sem ég þarf. Mig langar samt alltaf í föt og finnst gaman að fá bækur. Ef ég ætti að segja alveg eins og er þá langar mig samt í pöndu. Draumurinn er að eiga pöndu sem gæludýr.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég hugsa að það sé api sem ég fékk frá ömmu og afa þegar ég var lítill. Við systkinin fengum öll apa, með honum fylgdi dótabanani og dudda og ég var alltaf með þennan apa.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Svo að stórfenglegir hlutir geti gerst!

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 120592.

Upphaldsmatur: Humar, kjúklingur og sushi.

Upphaldsstaður í heiminum: Heima hjá ömmu og afa.

Upphaldsjólasveinn: Kertasníkir.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Ragnhildur Steinunn.



Daníel Hjörtur Hjartarson

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég flutti úr Breiðholti í Grafarvog í fyrra og byrjaði í Borgarholtsskóla. Ég er sem sagt á öðru ári þar á margmiðunarbraut og það gengur bara drulluvel. Svo fer ég sex sinnum í viku á boxæfingar. Það var markmið sem ég setti mér, að koma mér í form, og hef verið að vinna að því síðan í sumar.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það er ljósmyndun, ég er alltaf að taka ljósmyndir, og í raun allt sem tengist list. Mér finnst gaman að teikna. Svo er boxið eina íþróttin sem ég get verið í, ég fíla ekki hópiþróttir.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Mig langar að starfa við einhvern fjölmiðil, til dæmis sem upptökumaður eða ljósmyndari.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Í rauninni ekki neitt. Eða jú, mig langar í nýja filmu á myndavélina mína og ég held að ég fái svoleiðis. Svo vantar mig reyndar líka skó fyrir íþróttirnar.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Þegar ég var lítill fékk ég Viddu-brúðu, persónuna úr Toy Story, og ég var alltaf með hana. Ég á hana meira að segja ennþá.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Ég er ekki þessi gaur sem segir: „Like-aðu“ mína mynd af því að ég er betri en allir hinir.“ Ég er kærulaus gaur, þótt það væri alveg kúl að vinna þennan síma og það er gaman að fá að vera á forsiðunni.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 150394.

Upphaldsmatur: Ég hugsa að það sé sá sem kemur bráðum, hamborgarhryggurinn.

Upphaldsstaður í heiminum: Þar sem vinir mínir eru.

Upphaldsjólasveinn: Stekkjastaur, hann byrjar gamanið.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Góí, sem var með allt límbandið.



Olga Helena Ólafsdóttir

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er að læra lögræði við Háskólann í Reykjavík.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Aðallega líkamsrækt og svo hef ég áhuga á því að ferðast.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Ég verð einhver framkvæmdastjóri hjá mjög virtu fyrirtæki (hlær).

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ef ég fengi að velja, þótt ég efist um að ég fái það, þá myndi

ég vilja PlayStation 3-leikjatölvu og fullt af leikjum í hana eins og Simpson-leikinn, NBA og FIFA.

Hver er eftirminnilegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Það er dálítið eftirminnilegt þegar ég fékk ferðatösku sem mér fannst mjög óspennandi. Síðan fékk ég samt mjög fallegt úr á sömu jólu.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsiðu?

Af því ég syng vel í sturtu.

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 160391.


Upphaldsmatur: Hamborgari á American Style.

Upphaldsstaður í heiminum: Bora Bora.

Upphaldsjólasveinn: Stúfur, því hann er svo lítill, feitur og krúttlegur.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Sveppi.





Sigurður Már Atlason

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er á síðasta ári í Verzlunarskóla Íslands og svo er ég að æfa samkvæmisdans á fullu og hef verið að því síðan ég var sex ára. Ég æfi með Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Það myndu vera samkvæmisdans, golf og svo leikur maður sér í fótbolta með strákunum. Ætli maður verði ekki líka að segja að hanga með vinunum og svona þetta klassíska.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Maður þarf bráðum að fara að þæla í því. Ég ætla allavega pottþétt í

háskóla en nákvæmlega í hvaða fag veit ég ekki. Ég er í viðskiptafræði núna í Verslón en væri örugglega til í að fara í eitthvað tæknitengt, eins og tölvunarfræði eða eitthvað.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ast, umhyggju og „like“ á línuna.

Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég fékk mjög góðan síma fyrir tveimur árum sem ég er ennþá að nota. Svo á ég eina upphaldsþeygu sem ég fékk fyrir þremur árum eða eitthvað.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsíðu?

Af því að ég myndi „like-a“ þig!



HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 201192.

Upphaldsmatur: Pítsa.

Upphaldsstaður í heiminum: Singapore.

Upphaldsjólasveinn: Stúfur.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Sveppi og Pétur Jóhann.



Stefán Snær Stefánsson

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er nemandi í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ og á félagsfræðibraut, er að útskrifast þaðan í vor. Ég er ásamt því formaður nemendafélagsins þar og það er sennilega líf mitt í hnotskurn.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég myndi segja að það væru íþróttir, kvikmyndir, tónlist og það að vera með vinum mínum, bara þetta hefðbundna.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Ég vil starfa í fjölmiðlum, annaðhvort prentmiðlum, sjónvarpi eða útvarpi. Í því samhengi hef ég velt fyrir mér að fara í lögfræði, stjórnmálafræði

eða fjölmiðlafræði í háskólanum. Ég vel sennilega á milli þessara kosta í vor.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ég er lítið búinn að velta þessu fyrir mér en ég væri til í að fá gott ferðakaffimál og svo bara einhverja góða bók.

Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég fékk Vidda úr Toy Story þegar ég var fimm ára og það er til myndband af mér að fá móðursýkiskast af fögnuði þegar ég opnaði pakkann.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsíðu?

Ég ætla ekki að segja „ég er ógeðslega hress gaur“, heldur bara vera einlægur. Ég þrái nýjan snjallsíma!



HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 200692.

Upphaldsmatur: Þar sem ég er úr Garðabænum, þá myndi ég segja hvítlauksristaður humar og nautakjöt.

Upphaldsstaður í heiminum: Frystikistan við Teppið í Garðabænum, sem sagt Stjörnuvöllur, eða Ólafsvík.

Upphaldsjólasveinn: Það er Stúfur, ég var alltaf mjög lítil þegar ég var yngri.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Of Monsters and Men.



Þórdís Ýr Rúnarsdóttir

Hvað ert þú að gera í vetur?

Ég er að vinna í sjoppu í Þorlákshöfn. Ég tók mér frí frá skóla og var reyndar að vinna í ísbúð fyrir stuttu en það kom nýr eigandi sem lét alla fara.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst mjög gaman að tónlist. Ég hlusta til dæmis mikið á Mumford & Sons, svo eitthvað sé nefnt. Annars fer bara eftir skapi hver áhugamálin mín eru hverju sinni.

Hvað langar þig að starfa við í framtíðinni?

Nei, ég veit það ekki. Ég gæti þess vegna endað sem náttúrufræðingur þótt mig langi það ekkert núna. Mig langaði alltaf að verða hárgreiðslukonu og búðarkona var alltaf mjög hátt á lista líka en

ætli það hafi ekki bara verið af því að það var gaman að leika sér með búðardót.

Hvað langar þig í jólagjöf?

Ég er einmitt búin að vera að velta þessu mikið fyrir mér. Hingað til er ég bara búin að vera hugsa um hvað ég eigi að gefa öðrum. Ef það væri eitthvað þá væri það örugglega iPod.

Hver er eftirminnlegasta jólagjöfin sem þú hefur fengið?

Ég fékk svarta Babyborn-dúkk þegar ég var svona átta ára. Ég var rosa ánægð með að fá svarta, ég var eina stelpa í bekknum sem átti þannig.

Af hverju ætti fólk að „like-a“ þína forsíðu?

Af því að ég er með spékoppa.



HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 111092.

Upphaldsmatur: Eggjanúðlur með kjúklingi og grænmeti.

Upphaldsstaður í heiminum: Þorlákshöfn.

Upphaldsjólasveinn: Stúfur, af því að ég er lítil.

Upphaldsforsíða Monitor til þessa: Ragnhildur Steinunn.

Jólagjöfin í Dorma!



Dorma dúnkoddi
kr. 3.900,-



50x70 cm

FULLUR AF
DÚN

Full búð af sængum
og koddum



TRÖLLAsængin
kr. 13.900,-



140x200 cm

FULLT AF
DÚN

- ☾ Svæðaskipt pokagormakerfi
- ☾ Góðar kantstyrkingar
- ☾ 100% bómullaráklæði
- ☾ Sterkur botn
- ☾ Gegnheilar viðarlappir

KOMNAR AFTUR!

N.Rest 160x200
kr. 99.900,-

JÓLATILBOÐ

KOMDU
NÚNA



Jólatilboð

Nature's Rest

Stærð cm.	Dýna	Með botni
90x200	39.000,-	59.900,-
100x200	42.000,-	69.900,-
120x200	48.000,-	75.900,-
140x200	53.000,-	79.900,-
160x200	67.900,-	99.900,-
180x200	73.900,-	109.900,-

Hægindastóll
kr. 39.900,-

FJÓRIR
LITIR

Milano hægindastóll
Á frábæru verði!

Til í 4 litum:



Heilsuinniskór

Heilsusamleg
jólagjöf á
frábæru verði!
Sendum frítt út á land!



3.900,-
1 par

6.980,-
2 pör

9.990,-
3 pör

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18
Lau frá kl. 11-18
Sun frá kl. 13-18



DORMA

- býður góða nótt

Holtagörðum • Sími 512 6800 • www.dorma.is

Pöntunarsími

☎ 512 6800

eða dorma.is



FLOTTASTA

Það fer nú alveg eftir skapi og öðru hvað mér finnst flottast hverju sinni. En þetta er allavegana uppáhaldsþríflikin mín þessa dagana. Ég keypti þennan kjól fyrir klink í Hjálpræðishernum úti á Grandá og ég gæti ekki verið ánægðari með hann.



ELSTA

Skyrta sem að ég fékk frá góðri vinkonu í jólagjöf fyrir allnokkrum árum. Hún var keypt í Spúútník á sínum tíma. Ég rekst öðru hvoru á hana í fataskápnunum og get alltaf notað hana.



NÝJASTA

Fíni „blúndu“-kjóllinn og Ralph Lauren-jakkinn sem ég keypti á ebay um daginn. Keypti þetta í lítilli vintage-verslun sem er alltaf bara með nokkra hluti á uppboði í einu, er alltaf að líta þar inn eftir einhverju nýju.



DÝRASTA

Ég er voða léleg í að kaupa mér dýr föt. En ég keypti þessar buxur í 17 ekki fyrir svo löngu. Það er búð sem ég versla nánast aldrei í en fannst þessar buxur góð viðbót í fataskápinn, sérstaklega þar sem ég á varla buxur.

Hlakkar til að skipta náttfötunum út fyrir kjól



Sunna Rut Þórisdóttir er 24 ára mannfræðinemi við Háskóla Íslands. Sunna vakti athygli **Stílsins** fyrir flottan og töffaralegan fatastíl og fengum við að kíkja í fataskápinn hennar þessa vikuna.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílunum þínum í fimm orðum?
Þægilegur, ódýr, einfaldur, afslappaður og fjölbreytilegur.

Áttu þér fyrirmynd hvað varðar tísku og fataval?
Nei, get ekki sagt það. En ég sé að sjálfsögðu oft myndir af vel klæddum dömum og hef gaman af. Gillian Zinser finnst mér til dæmis alltaf mjög töff, stíllinn hennar er mjög áreynslulaus eins og hún hafi bara hoppað í eitthvað og drifið sig út.

Hvar verslar þú helst fötin þín?
Ég versla mikið notuð föt í búðum eins og Hjálpræðishernum og Rauða krossinum eða stundum beint af fyrrverandi eigendum. Versla líka annað slag á Netinu, þá er ebay í miklu uppáhaldi.

Fyrir hvernig tilefni finnst þér skemmtilegast að klæða þig upp?
Mér finnst alltaf gaman að klæða mig upp, það er svo skemmtilegt að vera finn. Tala nú ekki um ef maður er búinn að vera með ljótuna í vinnunni allan daginn. Akkúrat núna er ég spennt fyrir því að prófalestur klárist og ég geti skipt út náttfötunum fyrir kjól.

Hvaða snyrtivörum gætir þú ekki verið án?
Svona yfir háveturinn er sólarpúður og maskari eitthvað sem ég verð að nota dagsdaglega annars heldur fólk að ég sé veik, þar sem ég stunda ekki ljósabekki. Varalitir eru svo skemmtilegir þegar maður vill vera aðeins finni.

Ef þú værir dýr, hvaða dýr værir þú?
Klárlega einhverskonar kattardýr. Kettir eru svo ómótstæðilega glæsilegir og skemmtilegir. Ætli heimilisköttur yrði ekki fyrir valinu, þá þyrfti ég ekki að veiða mér sjálf í matinn.

BESTA

Maðurinn minn færði mér þennan Monki-jakka frá Svíalandi í haust, hann er í miklu uppáhaldi. Ég þrjúskast við að ganga í honum í kuldanum, mér finnst liturinn svo skemmtilegur. Ég er að reyna að nota meira líti þar sem ég á í langvarandi ástarsambandi við svartan.



ÞÆGILEGASTA

Samfestingur úr American Apparel sem móðir mín og systir keyptu fyrir mig í Ameríkunni. Ég er vandræðalega ástfangin af honum þessa dagana, svo þægilegt að smeygja sér í hvað sem er utan yfir hann. Getur reyndar verið smá vesen að fara á klósettíð.

JÓLAGJÖFIN ER Í OPTICAL STUDIO

BYLTING Í VEIÐIGLERAUGUM



OAKLEY HIJINX, LENS: POLARIZED SHALLOW BLUE.

GOGGLUR

MIKIÐ ÚRVAL – MARGIR LITIR



Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Aldrei verið

svona hissa á ævinni

Edda Óskarsdóttir er átján ára fyrirsæta sem náði á dögnum samningi við bresku umboðsstofuna **Select** sem er talin vera ein sú fremsta í heimi. **Stíllinn** hitti á Eddu og spjallaði við hana um þennan frábæra árangur og hvað framtíðin ber í skauti sér.



Mynd/Sigurgeir S.

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég var að klára prófin í MH og svo er ég í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Hvenær byrjaðir þú að sitja fyrir?

Ég byrjaði fyrir tæplega ári síðan.

Áttu þér fyrirmynd í módelbransanum?

Nei, ég á mér enga sérstaka fyrirmynd, það eru svo margar flottar. En mér finnst Lara Stone ótrúlega flott fyrirsæta og ég held að hún sé í upphaldi núna.

Hvað hefur verið þitt stærsta verkefni hingað til?

Stærsta verkefni mitt til þessa var þegar ég sat fyrir hjá Miista skómerkinu. Saga Sig var að taka myndirnar og ég lít mjög mikið upp til hennar þannig að ég var ótrúlega spennst. Myndirnar fóru svo út um allt á Netinu. Meðal annars á Topshop-bloggið og svo var ein myndin á forsiðunni á solestruck.com.

Nú varstu að gera samning við umboðsstofuna Select, hvernig gerðist það?

Andrea Brabin hjá Eskimo sendi þeim myndir af mér og þau sýndu áhuga þannig að Ási hjá Eskimo gerði myndband og sendi þeim. Svo bara daginn eftir hringdi Andrea í mig og sagði að Select vildu fá mig.

Kom þetta þér á óvart?

Þetta kom mér mjög mikið á óvart. Ég held að ég hafi aldrei verið svona hissa á ævinni. Ég bjóst aldrei við því að komast á svona góða stofu.

Ertu á leiðinni út til Bretlands á næstunni?

Já, ég fer í byrjun janúar.

Hvernig lítur framtíðin út?

Ég er mjög spennst fyrir framtíðinni. Ég held að ég eigi eftir að ferðast mikið milli landa og kynnast fullt af nýju og spennandi fólki. Ég og kærastinn minn erum að fara að fá okkar fyrstu íbúð saman og ég hlakka mjög mikið til.



Mynd/Anita Edjám



EDDA OG ELMAR FRÁ ESKIMO FYRIR NUDE MAGAZINE

Mynd/Helgi Ómars

Mynd/Tomz



VICTORIA BECKHAM

Victoria hefur lengi vel verið með gott auga fyrir tísku. Nú er hún byrjuð að hanna sjálf og er hönnun hennar orðin gríðarlega vinsæl vestan-hafs. Hér er hún glæsileg í fallegum Maxi-kjól sem hún hannaði sjálf.



ANGELINA JOLIE

Það ættu allir að geta verið sammála um það að Angelina er alltaf jafn glæsileg og er engin undantekning á því að þessu sinni. Hún er gullfalleg í þessum dökkbláa Romona Keveza-kjól. Til hamingju Angelina.

Dömunar hver annarri fallegri

Enn er slegist um það að vera fegurst allra í **Hollywood** og er samkeppnin gríðarleg. Þessi glæsikvendi eru hver annarri fallegri og er einstaklega erfitt að gera upp á milli þeirra. **Stíllinn** valdi því sex flottustu og best klæddu stjórnur Hollywood um þessar mundir.



LEA MICHELE

Glee-stjarnan hefur verið að koma skemmtilega á óvart upp á síðkastið. Hún klárar dæmið fullkomlega með þessum geggjaða Valentino-kjól. Svo skulum við vera hreinskilin, skoran setur punktinn yfir i-ð.



NICOLE RICHIE

Nicole er án efa einn mesti töffarinn í Hollywood. Það er sama hvert tilefnið er, hún nær alltaf að hitta naglann á höfuðið. Hér er hún í Halston-kjól. Látaust en töff lúkk, hún er með'etta!



EMMA WATSON

Emma hefur vakið mikla athygli fyrir flottan stíl og er það engin furða, enda er stúlkan alltaf glæsileg. Hér er hún í Elie Saab-ballerínukjól sem er geggjaður við svölu stuttu klippinguna hennar og rauða varalitinn.



BLAKE LIVELY

Slúðurstjarnan hefur vakið gríðarlega athygli fyrir flottan fatastíl og einstaka fegurð. Þessi rísandi stjarna veldur sjaldan vonbrigðum þegar kemur að fatavali og er hún eins og svífandi engill í þessum gullfallega kjól.

Er verkefnið ómögulegt, Tom?

FERILLINN



Justin Long

Hæð: 174 sentimetrar.
Besta hlutverk: Mac-tölva í auglýsingaherferð Apple.
Staðreynd: Bræður Long, Damien og Christian, eru líka leikarar en þó ekki í Hollywood.
Eitruð tilvitnun: „Ég er með svo þunna skráp og þess vegna forðast ég það eins og heitan eldinn að lesa um sjálfan mig.“

2001 Leikur í hryllingsmyndinni Jeepers Creepers sem fær mjög góðar viðtökur hjá áhorfendum.

2002 Leikur Henry í Crossroads og er oft spurður út í atriðið þar sem hann kyssir Britney Spears.

2003 Leikur í Pepsi Vanilla-auglýsingu enda í tisku hjá gosdrykkjaframleiðendum að búa til gos með vanillubragði.

2004 Leikur nafna sinn, Justin Redman, í myndinni Dodgeball: A True Underdog Story. Þar er hann í liðinu sem fer í brenniboltamótið til að safna pening til að bjarga líkamsræktarstöðinni Average Joe's.

2005 Leikur í hinni klúru en hnyttu mynd, Waiting.

2006 Fer með lítið hlutverk í Break-Up og leikur ásamt Jonah Hill og Blake Lively í myndinni Accepted. Þá hefur hann leik sinn í vel heppnuðum auglýsingum fyrir Mac-tölvur þar sem hann leikur Mac á móti John Hodgman sem leikur PC-tölvu.

2007 Kynnist Drew Barrymore við tókur myndarinnar He's Just Not That into You og hefja þau haltu mér, slepptu mér-samband. Þá leikur Long tölvuhakara á móti Bruce Willis í Live Free or Die Hard. Long ljáir svo Alvin rödd sína í Alvin and the Chipmunks.

2008 Er í stuttu sambandi með Kristen Dunst. Leikur samkynhneigðu klámstjórnuma Brandon St. Randy í Zack and Miri make a Porno.

2009 He's Just Not That into You er frumsýnd en myndin skartar mörgum frægum Hollywood-leikurum. Þá leikur Long sjálfan sig í myndinni Funny People.

2010 Leikur á móti Drew Barrymore í Going the Distance. Þau eru sögð hafa byrjað saman og hætt saman ansi oft síðan 2007 en enda sambandið endanlega þetta árið.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Alvin and the Chipmunks: Chipwreck

Fyrstu tvær myndirnar um Alvin og félagi slógu hressilega í gegn hér á landi og samanlagt sáu tæplega 60 þús. manns þær tvær. Húmorinn er kostulegur, persónurnar sprellifandi og blöndun teikninga og leikinna atriða einstaklega vel gerð. Í þetta sinn lenda Alvin og félagar hans í stórkostlegasta ævintýri til þessa þegar Davíð, velgjörðarmaður þeirra, ákveður að bjóða þeim með í siglingu um suðræn höf í stóru skemmtiferða-

skipi. Gamanið kámar hins vegar þegar leikur Alvins og hinna ikornanna með flugdreka einn, stóran og mikinn, endar með því að hann sviptir þeim fyrir borð. Sem betur fer fyrir ikornana komast þeir upp á eyju sem í fyrstu virðist í eyði. Þar með hefst ævintýri númer tvö í einni og sömu myndinni en vandamálið í þetta sinn er að það er ekki víst að Alvin og hinir ikornarnir eigi nokkurn tíma eftir að komast heim aftur.

Leikstjóri: Mike Mitchell.
Aðalhlutverk: Justin Long, Matthew Gray Gubler og Jesse McCartney.
Langd: 87 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Aðrar frumsýningar: Mission: Impossible - Ghost Protocol

FRUMSÝNDAR FÖS. 16. DESEMBER

f VILTU MIÐA?

Monitor ætla að gefa miða á Alvin and the Chipmunks, fylgstu með ... facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

Medieval Moves

Tegund: Hasar- og ævintýraleikur

PEGI merking: 7+

Útgefandi: Sony

Dómar: Gamespot 5 af 10 / IGN 8 af 10 / Eurogamer 5 af 10



Dauðmundur hress

Nú er rúmlega ár síðan Move hreyfigræjan kom út fyrir PlayStation 3-tölvuna. Það sorglega er að hingað til hefur aðeins einn leikur staðið upp úr en það er íþróttaleikurinn Sports Champions. Nú hafa framleiðendur hans tekið bestu bitana úr þeim leik og smellt þeim í hasar- og ævintýraleikinn Medieval Moves.

Lífið virðist leika við unga prinsinn Edmund, en auðvitað þá kemur her af beinagrindum og leggur bölvun á konungsveldi hans og þegna þess. Sjálfur breytist Edmund í beinagrind og tekur upp nafnið Deadmund í kjölfarið. Markmiðið er svo að bjarga konungsríkinu frá þessari bölvun með því að drepa vonda kallinn (frumlegt).

Spilun leiksins fer fram með Move-stýripinnanum, en leikmönnum er ýtt í gegnum borð leiksins á nokkurskonar teinum líkt og við þekkjum úr skotleikjum á borð við Time Crisis og House of the Dead. Til að berjast við óvinina geta leikmenn svo notað boga, sverð og skjöld eða kastað karatestjörnum. Allt þetta er þekkt úr Sports Champions-leiknum og virkar nákvæmlega eins og þar. Leikmenn ráða hvort þeir nota einn eða tvo move-pinna og er hægt að mæla með að nota tvo til að detta í meiri filing. Hasarinn gengur svo

út á að ganga frá beinagrindakvikindum og leysa litlar og einfaldar þrautir.

Auk þess að geta spilað í gegnum söguþráð leiksins geta tveir keppt saman í nokkrum mismunandi minileikjum og er það ágætis partístað.

Grafikin í leiknum er mjög teiknimyndaleg og virkar ágætlega í þessum leik. Sama má segja um tónlist og talsetningu, en allt hljóð leiksins gæti sómt sér vel í hvaða teiknimynd sem er. Mikill húmor er í grafikin og er vel hægt að brosa út í annað þegar helstu persónur leiksins spjalla saman.

Helsti gallinn við leikinn er að hann er algjörlega á teinum og takmarkar því frelsi leikmanna, en það kemur þó ekki í veg fyrir ágætisskemmtun og þá staðreynd að loks er kominn annar Move-leikur sem bragð er að.

Ólafur Þór Jónsson



KVIKMYND



Komið gott

Myndin fjallar um þá félagi Harold og Kumar sem komast í hann krappan. Það þjónar litlum tilgangi að fara eitthvað nánar út í söguþráðinn enda er hann algjör steypa frá upphafi til enda. Ég efast samt um að tilgangur handritshöfundanna hafi verið að blanda sér í baráttuna um Óskarinn fyrir besta handrit heldur kannski meira að vinna úr einhverri einfaldri hugmynd til að réttlæta vitleysuna. Merkilegt nokk þá er myndin tæknilega nokkuð vel gerð og ekkert virðist til sparað. Til að mynda er mjög metnaðarfullt leir-atriði þar sem heil sena er öll gerð úr leir og þrívíddin kemur einnig ágætlega út þó svo auðvitað megi deila um hver tilgangur hennar hafi verið.



Vantar neistann

Einn helsti galli myndarinnar var þó kannski hvað þeir félagar Harold og Kumar eru orðnir ófyndnir gaurar og þær senur sem þeir eru bara tveir í eru frekar leiðinlegar. Þeir voru skemmtilegt kombó einu sinni en neistinn er bara einhverveginn farinn. Þetta er að vísu þriðja myndin um ævintýri þeirra félagi og verður að viðurkennast að ég hef ekki séð hinar tvær. Kannski þarf maður að hafa fylgst með þeim frá upphafi til að sjá snilldina. Aukapersónurnar voru aðallega það sem hélt myndinni á floti í gríninu. Aðdáendur Neil Patrick Harris úr How I Met Your Mother gætu þó orðið fyrir vonbrigðum þar sem hann kemur fyrir í svona mesta lagi 10 mínútur í allri myndinni. Ég vil samt ekki vera gaurinn sem fattar ekki grínið enda skil ég vel að þetta geti höfðað til ákveðins markhóps. En mér finnst erfitt að halda því fram að þessi mynd hafi verið eitthvað annað en meðalslök grínmynd með vafasaman boðskap þó svo að aðdáendur fyrri myndanna muni líklega fá eitthvað fyrir sinn snúð.

Kristján Sturla Bjarnason



A VERY HAROLD AND KUMAR 3D CHRISTMAS



Inneignarnóta fyrir kók og prins

Bráðum koma blessuð jólin og æska landsins er farin að hlakka. Þessi hátíð ljóss og friðar er að flestu leyti falleg, við verjum tíma með fjölskyldunni, borðum góðan mat og færum hverju öðru gjafir. Jólapakarnir eru gjarnan flokkaðar í mjúka eða harða og virðist það vera venjan að því yngri sem gjafaviðtakandinn sé, því minni mætur hafi hann á þeim mjúku.

Þriðji gjafaflokkurinn sem verður vinsælli því eldri sem gjafaviðtakandinn er inniheldur svokölluð gjafabréf. Gjafabréf eru fin til síns brúks, enda fint að gefa einstaklingi sem á svo gott sem allt eitt slíkt svo hann geti sjálfur fundið eitthvað við sitt hæfi. Annað fyrirbæri sem líkist gjafabréfum að ýmsu leyti eru inneignarnótur sem fást fyrir jólagjafir sem einstaklingur hefur ákveðið að skipta. Til að gera langa sögu stutta valda þessi gjafabréf og inneignarnótur mér hausverkjum.

Þannig er nefnilega mál með vexti að gjafabréf og inneignarnótur renna út, rétt eins og mjólk eða jógúrt. Munurinn er reyndar sá að þótt mjólk renni út getur fólk svo sem ennþá drukkio hana, þótt það sé vont, en gjafabréf og inneignarnótur verða með öllu ónothæfar þegar þær hafa runnið út. Því spyr ég, hvernig í ósköpunum stendur á því? Ef amma mín fer út í einhverja verslun, kaupir gjafabréf fyrir 5.000 kr. og gefur mér í jólagjöf, hvernig getur þá einhver karl úti í bæ sagt mér að sá peningur sé bara einskis virði þegar einhver tilsettur tími er liðin frá kaupnum?

Ég hef svo sem ekki hundsvit á vísitölum, verðbólgu né bókhaldi þótt ég skilji að fyrirtæki vilji forðast það að vera með útistandandi skuldir upp á þúsundkalla hér og þúsundkalla þar að eilífu. En af hverju eiga þessi fyrirtæki samt ekki alveg eins að þurfa að hafa útistandandi skuldir þangað til það greiðir hana alveg eins og aðrir?

Ég er svo sem ekki alsaklaus. Ég á til að gleyma því að ég eigi gjafabréf yfir höfuð svo mér er kannski nær að leyfa þeim að renna út. Hvað sem því líður, þá furða ég mig á því hvers vegna peningaverðmæti sem þetta geti bara orðið núll og nix á til dæmis einu ári. Svo eru reyndar ekki einu

■ ■ Þið komið sem sagt ekki til með að sjá mig valsa um Kringluna með eitthvað „helvítis fokking fokk“-skilti á næstkomandi Þorlákssmessu.

sinni öll gjafabréf þess eðlis að þau renni út, sum hafa enga dagsetningu. Hvers vegna er það?

Mér leiðist að nöldra og hvað þá er líða fer að jólum þannig að ég hyggst svo sem ekkert beita mér neitt sérstaklega fyrir bættri stöðu neytandans í gjafabréfa- og inneignarnótamálum. Þið komið sem sagt ekki til með að sjá mig valsa um Kringluna með eitthvað „helvítis fokking fokk“-skilti á næstkomandi Þorlákssmessu. Þó er þetta eitthvað sem ég klóra mér í hausnum yfir í hvert sinn sem ég eignast gjafabréf. Hafi einhver áhuga á skýra þetta nánar fyrir mér má sá hinn sami endilega senda mér greinargóðan tölvupóst og hver veit nema að ég splæsi á hann kók og prins fyrir vikið. Nú, eða bara inneignarnótu fyrir því.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is



fílófaxið

fimmtudagur **15** des

DJ DANNI DELUXE

22:00 Faktörý Ef þú hefur í hug að skella þér út á lífið þetta fimmtudagskvöldið þá er DJ Danni Deluxe einn skotheldur plötusúður. Sagði einhver „próflokadjamm“? Það er mjög mikilvægt að gefa heilabúinu það fri sem það á skilið og fara áhyggjulaus í miðbæinn og skemmta sér ærlega með vinum og vandamönnum.

föstudagur **16** des

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR NOLO

21:00 Bakkus Tvíeykið Nolo gaf nýverið út plötuna Nology sem hefur vakið þónokkra athygli. Af því tilefni blása þeir til útgáfutónleika á Bakkus. Platan ásamt bolum verða til sölu en frítt er inn á hjómleikana.

PRÓFLOKAFÖGNUMUR

21:00 Bar 11 Úlfur Úlfur sendu nýverið frá sér plötuna Föstudagurinn langi sem inniheldur 10 fersk rappplög með gripandi melódíum og hárbeyttum íslenskum textum. Því ættu strákarnir frá Sauðárkróki að vera með það á hreinu hvernig á að skemmta lýðnum. Hopaðu á Bar 11 og kíktu á tónleikana. Frítt inn, maður.

JÓLAPLÖGG RECORD RECORDS

22:00 Nasa Úgáfufyrirtækið Record Records hefur á sínum snærum marga flotta listamenn og í þetta sinnið mun útgáfan tefla fram sínum stærstum nöfnum undir sama þaki. Of Monsters and Men, Agent Fresco, Sykur, Orphic Oxtra og Lockerbie hafa öll gert góða hluti á árinu og því er upplagt fyrir alla tónþyrsta einstaklinga að drífa sig á Nasa til að upplifa frábæra stemningu. Miðinn kostar 1.500 krónur í forsölu og 2.000 krónur við hurð. Forsala fer fram á midi.is og í Brim Kringlunni og á Laugavegi.

laugardagur **17** des

DIKTA OG OF MONSTERS AND MEN

19:30 Vídalínskirkja Dikta og Of Monsters and Men eiga það sameiginlegt að hafa tekið yfir Ísland með tónlist sinni. Þá eru flestir meðlimir hljómsveitanna úr Garðabænum og því er vel við hæfi að halda jólatónleika í sínum heimabæ. Miðasala fer fram á midi.is og er miðaverð 2.500 krónur.

ÓLAFUR ARNALDS Í HÖRPU

20:00 Norðurljós í Hörpu Ólafur Arnalds er í skemmtilegu viðtali við Monitor í Fyrst og fremst á blaðsíðu 3. Þar segir hann meðal annars frá því að þetta sé í fyrsta sinn sem hann flytji inn allt sitt hafurtask og starfsmenn til að halda tónleika hér á landi með sama gæðastimpli og erlendis. Miðasala á midi.is og er miðaverð 2.500 krónur.



JÓLATÓNLEIKAR 3 VOICES & BEATUR

21:00 Gamla bíó 3 Voices & Beatur kunna vel að koma fólki í jólaskap. Hljómsveitin stýðst einvörðungu við sínar eigin raddir en getur þó framleitt tóna sem eru ekki á allra færi. Hljómsveitin hefur alið manninn undanfarið árið í Noregi og því er spennandi að sjá hvað þau hafa upp á að bjóða. Miðaverð er 2.900 krónur í betri sætin en ódýrari miðar kostar 2.500 krónur. Miðasala fer fram á midi.is.

GUSGUS Á NASA

21:00 Nasa GusGus og Nasa er stærðfræðidæmi sem gengur alltaf upp. GusGus-liðar er fyrir löngu kominn með doktorsgráðu í því að koma fólki í dansgírinn og Nasa er fullkominn kofi til að hýsa slíka stemningu. Það er því upplagt að leyfa tónlistinni að renna um æðar þér og sletta almennilega úr klaufunum. Aldurstakmark á tónleikana er 20 ára og eldri og er miðaverð 2.900 krónur.

JÓLAMYNDIN 2011

FRUMSÝND 16. DESEMBER

VILTU VINNA MIÐA?

9. HVER VINNUR! FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU SMS SKEYTIÐ ESL AL3 Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM: BÍOMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

WINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/ALVIN3

SMÁRRI BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

sena

HÓ, HÓ, HÓ!

VIETU VINNA SJÓNVARP?



40" LCD SAMSUNG HD TV

Sendu SMS-ið **ESL JOL** á númerið **1900**, svaraðu einni spurningu og þú ert kominn í pottinn.

Aðalvinningur:
40" LCD Samsung TV

Aukavinningar eru:
Bíómiðar – Tölvuleikir – DVD myndir o.fl.

Aukavinningar!



*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 23. desember. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 22. desember 2011

ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

LOKAPRÓFIÐ

15. desember 2011 | **MONITOR skólinn**

Ég heiti Sverrir Þór Sverrisson Ef ég væri ekki Sverrir Þór Sverrisson væri ég

Þú veist hver ég er af því að

Ég er fókking Sveppi Krull

Ég er að gefa út bók sem heitir Skemmtibók Sveppa. Hún er ætluð öllum nema

a) fullorðnum.
b) fólki sem hefur aldeis hlegið.
c) krökkum sem nenna ekki að leika sér.
d) útrásarvíkingunum.
e) _____

Þegar ég var lítill fannst mér skemmtilegast að leika mér með

a) Eidi Smára Eldri
b) Róberti Erni Hjálmtýssyni í hljómsveitinni Eg.
c) þabba mínum. Sinnan
d) sjálfum mér.
e) og Breiðholtsguðhynum

Þegar ég æfði handbolta í denn þá var ég

a) í landsliðsklassa
b) í heimsklassa
c) betri en Aron Pálmarsson
d) ekkert sérstakur
e) vonarstjarna Íslands

enda var ég einstaklega góður í því að

Súna hann á nær stöngina

Ég vil að fólk kalli mig.

a) Kjellinn.
b) Sjomleh.
c) Svepp the champ.
d) The man.
e) Guðinn.
f) Sveppurinn!

Þegar ég og Auddi förum í samkeppni við Simma og Jóa ætjum við að opna

a) ítalskan veitingastað.
b) egypskan veitingastað.
c) stað sem selur bara grjónarétti.
d) bjúgusölu.
e) stað sem selur bara fuglakjöt. Skinkur
f) Samlokustaðin → Sveppi

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Sveppi Krull

Ef ég væri ekki Sverrir Þór Sverrisson væri ég

a) Sverrir Sverrisson, bróðir Eyjólf Sverrissonar
b) Sverrir Stormsker, tónlistarmaður
c) Sverrir Hermannsson, fyrrverandi alþingismaður
d) Sverre Jakobsson, handknattleiksmaður

af því að Hann er Snillingur

Þegar ég verð stór ætla ég að verða

Verfseint stór!
en kannski verð ég

Mér finnst skemmtilegast að

a) gera sjónvarpsþætti.
b) gera kvikmyndir.
c) ganga hringinn í kringum landið.
d) leika í leikritum.
e) kela við konuna mína.
f) vera í útvarpinu.
g) _____

SATT OG ÓSATT

Ég fila Audda betur en Villa.

Stundum 0

Ég er hressari en Pétur Jóhann.

0

Það sem kemur mér í jólaslap er þegar Það fer að stytast í Jól

Síðasta sms sem ég fékk var frá John ka Mott og í því stóð Gamli, Reddadau mér miða á M:4

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Hæ! Sveppi HÉR "Hvað er málið með þessu?"
Halte





Síðast en ekki síst

» **Jóhanna Margrét Gísladóttir**, fréttakona, fílar:

Kvikmynd: Ég er mikið fyrir þessar léttu og rómantísku, sem ég get horft á aftur og aftur, eins og Love Actually. Síðan sá ég Forrest Gump í fyrsta skipti um jólin 2008 og hún fer núna alltaf reglulega í tækið, frasarinn klikka aldrei.

Þáttur: Ég fylgist með ótrúlega mörgum þáttum, vandræðalega mörgum eiginlega, þættir sem heita Revenge hafa komið mjög sterkir inn í vetur en annars elska ég alltaf gömlu góðu Friends.

Bók: Uppáhaldsbókin mín er Flugdrekahlauparinn, frábær saga og bókin er miklu betri en bíómyndin að mínu mati. Síðan hlakka ég til að hella mér yfir nýjasta Arnald um jólin.

Plata: Ég hlusta nú meira á lög heldur en ákveðnar plötur og tónlistarmenn. Annars kemur nýja platan með Goldplay sterk inn og Of Monsters and Men er frábær. Jólalögin eiga hins vegar hug minn allan þessa stundina enda algjört jólabarn.

Vefur: Það fylgir starfinu að lesa fréttamiðlana vel og vandlega en þess á milli er Facebook staðurinn þar sem ég byrja og enda hvern dag. Ég er að læra á Twitter en er farin að halda að það sé meiri útrás fyrir reiða fótboltaáóðáendur.

Staður: Ég fer til London að minnsta kosti einu sinni á ári og held að það sé minn uppáhaldsstaður til að versla, fara gott út að borða og kannski kíkja í leikhús.








X-MASS

Í MINNINGU HERMANNS FANNARS VALGARÐSSONAR

20. DESEMBER Í KAPLAKRIKA



ÓKEYPIS RÚTUR HEIM

Hafnarfjarðarbær býður upp á ókeypis rútuferðir í nágrennasveitarfélögin þegar líða fer á kvöldið. Rúturnar stoppa við Ásgarð í Garðabæ, í Hamraborginni, við Kringluna og á Hlemmi. Fyrsta rútan fer klukkan 23.00, næsta klukkan 24.00 en þær síðustu að tónleikum loknum.



MÍÐAVERÐ KR. 2.000.- Á midi.is
TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL. 18:00

ÍSLENSKA

HAMBORGARAFABRIKKAN



DAGSKRÁ HÁDEGISTÓNLEIKA FABRIKKUNNAR

MÁNUDAGUR 5. DES. KL. 12.00

TOGGI

ÞRIÐJUDAGUR 13. DES. KL. 12.00

KLASSART

ÞRIÐJUDAGUR 20. DES. KL. 12.00

GRM - Gylfi Ægis, Rúnar Þór og Megas

ÞRIÐJUDAGUR 6. DES. KL. 12.00

STEINDINN OKKAR

MÍÐVIKUDAGUR 14. DES. KL. 12.00

DIKTA

MÍÐVIKUDAGUR 21. DES. KL. 12.00

ELDAR

MÍÐVIKUDAGUR 7. DES. KL. 12.00

PAPAR

FIMMTUDAGUR 15. DES. KL. 12.00

BIRGITTA HAUKDAL

FIMMTUDAGUR 22. DES. KL. 12.00

INGÓ

MÁNUDAGUR 12. DES. KL. 12.00

LIFUN

MÁNUDAGUR 19. DES. KL. 12.00

**HELGI BJÖRNS &
REIÐMENN VINDANNA**

FÖSTUDAGUR 23. DES. KL. 12.00

VALDIMAR

ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR

JÓN JÓNSSON

FÖSTUDAGUR 23. DES. KL. 22.00